

Ed.

221. Frumvarp til laga

[138. mál]

um breyting á lögum nr. 79 31. desember 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Í stað orðanna „17%“ í 1. mgr. 3. gr. laganna komi: 11%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til greiðslu kostnaðarhlutdeildar samkvæmt 3. gr. laganna frá og með 1. janúar 1970.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Svo sem kunnugt er, tengdust kjarasamningar sjómanna og útvegsmanna fiskverðsákvörðun að þessu sinni með þeim hætti, að sjómenn óskuðu endurskoðunar á kostnaðarhlutdeild fiskkaupenda samkvæmt lögum nr. 79 1968, en gerðu jafnframt sammingskröfur til útvegsmanna, sem að því leyti máttu skoðast sem varakröfur. Að sjálfsögðu gat ríkisstjórnin ekki tekið afstöðu til málaleitunar þessarar fyrir en afstaða hins málsaðilans lægi fyrir og ljóst yrði, hvort það gæti orðið til lausnar á kjaradeilunni, svo að vertíð þyrfti ekki að stöðvast af þeim sökum.

Þegar fyrir lá í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, að hækkun fiskverðs gat orðið svo mikil, að rekstrargrundvöllur útgerðarinnar þyrfti ekki að skerðast óhæfilega, þótt komið yrði í þessu tilliti að nokkru til móts við sjómenn, náðist samkomulag milli fulltrúa sjómanna og útvegsmanna á þeim grundvelli, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Við endanlega afgreiðslu málsins í yfirnefnd, lét ríkisstjórnin koma fram eftirfarandi yfirlýsingu:

„Í sambandi við ákvörðun fiskverðs og nýja kjarasamninga milli sjómanna og útvegsmanna hafa báðir sammingsaðilar óskað þess, að lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu nr. 79 31. des. 1968 verði breytt á þann veg, að kostnaðarhlutdeild, sem kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna, lækki úr 17% í 11% sbr. 3. gr. fyrrnefndra laga. Í framhaldi af þessu lýsir ríkisstjórnin því yfir, að hún mun leggja frumvarp um þetta efni fyrir Alþingi, er það kemur saman 12. þ. m.“

Er frumvarp þetta hér með lagt fram í samræmi við yfirlýsingu þessa.